

## Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 51/2012 vegna kvörtunar um aflýsingu á flugi FI644 þann 30. ágúst 2011

### I. Erindið

Þann 14. nóvember 2011 barst Flugmálastjórn Íslands (FMS) kvörtun A. Kvartandi átti bókað far með flugi Icelandair (IA) FI644 frá Washington til Keflavíkur kl. 20:40 þann 30. ágúst 2011. Áætluð lending í Keflavík var kl. 06:20 morguninn eftir. Vegna skemmdar á skrokki flugvélarinnar var fluginu aflýst og fór svo að kvartandi fékk far með flugi IA til Íslands á sama tíma degi síðar, þann 31. ágúst 2011. Kvartanda var séð fyrir hótelgistingu, ferðum á milli flugvallar og gistiaðstöðu auk máltíða. Gerir kvartandi kröfu um greiðslu skaðabóta.

### II. Málavextir og bréfaskipti

FMS sendi IA framangreinda kvörtun til umsagnar með tölvupósti þann 14. nóvember sl. og var beiðnin ítrekuð 30. nóvember og 15. desember, auk þess sem þá var tilkynnt að ef ekki yrði brugðist við fyrrnefndum ítrekunum myndi ákvörðun vera tekin í málínu á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Þann 21. desember barst FMS tölvupóstur frá IA hvar tekið var fram að ofangreint atvik orsakaðist af skemmd á skrokki flugvélarinnar. Einnig var kveðið á um að IA teldi atvikið ófyrirsjánlegt og var kröfu kvartanda um bætur hafnað á þeim grundvelli. Engar frekari athugasemdir bárust frá IE.

### III. Forsendur og niðurstaða Flugmálastjórnar Íslands

Neytendur flugþjónustu eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta sem telja að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60/1998 eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra geta beint kvörtun til Flugmálastjórnar Íslands, sbr. 1. mgr. 126. gr. c. loftferðarlaga. Stofnunin tekur málið til skoðunar í samræmi við ákvæði laganna og stjórnsýslulaga og sker úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 3. mgr. 126. gr. c og 140. gr. loftferðalaga, ef hann verður ekki jafnaður með öðrum hætti. Sú ákvörðun er bindandi.

Um réttindi flugfarþega er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 574/2005. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 574/2005 er Flugmálastjórn Íslands sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar samanber 16. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Um aflýsingu flugs og þá aðstoð sem flugrekandi skal veita í slíkum tilvikum er fjallað í 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. skal farþegum, ef flugi er aflýst, boðin aðstoð af hálfu flugrekandans í samræmi við 8. gr. og a-lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. Ef flugleið farþega er breytt og brottför nýja flugsins er a.m.k. degi eftir áætlaða brottför flugsins sem var aflýst eiga farþegar einnig rétt á aðstoð sem tilgreind er í b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. Þá geta farþegar átt rétt á skaðabótum frá flugrekanda í samræmi við 7. gr. en flugrekanda ber ekki skylda til að greiða þær skaðabætur sé flugi aflýst af völdum óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir, sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar. Aðrar skyldur sem hvíla á flugrekanda samkvæmt reglugerð EB nr. 261/2004 standa óhreyfðar.

Flugi FI644 frá Washington til Keflavíkur þann 30. ágúst 2011 var aflýst vegna skemmdar á skrokki flugvélarinnar. Telur IA að um óviðráðanlegar aðstæður sé að ræða. Í domi Evrópusudómstólsins frá 22. desember 2008 í máli C-549/07 *Friederike Wallentin-Hermann v Alitalia* var kveðið á um túlkun undantekningarákvæðis 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Sagði dómstóllinn að túlka bæri ákvæðið þróngt og kvað m.a. á um að tæknilegar bilanir í flugvélum féllu almennt ekki undir ákvæðið. Með hliðsjón af því má telja ljóst að það tilvik sem hér um ræðir fellur ekki undir áðurnefnt undantekningarákvæði 3. mgr. 5. gr. og verður IA af þeim sökum ekki leyst undan bótaskyldu vegna atviksins á þeim grundvelli. Ekki verður talið að IA hafi fært sönnur fyrir því að aflýsingin hafi verið vegna óviðráðanlegra aðstæðna í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 er leyst gæti félagið undan skaðabótaskyldu. Ber Icelandair því að greiða kvartanda bætur að upphæð 400 evrur skv. b-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð nr. 574/2005 vegna aflýsingar flugsins.

### Ákvörðunarorð

Icelandair skal greiða kvartanda bætur að upphæð 400 evrur skv. b-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð nr. 574/2005.

Ákvörðun þessi er kæranleg til innanríkisráðuneytis skv. 3. mgr. 126. gr. c loftferðalaga nr. 60/1998 og 10. gr. laga nr. 100/2006 um Flugmálastjórn Íslands. Kæra skal berast ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun þessa.

Reykjavík, 7. ágúst 2012

Jóhanna Helga Halldórsdóttir

Halldór P. Þorsteinsson